

Ed.

509. Nefndarálit

um frv. til laga um gjafasjóð Jóns Sigurðssonar handa fátækum í Eyjafjarðarsýslu.

Gjafasjóður Jóns Sigurðssonar er stofnaður 1830; er gjafarbrjefið undirskrið af gefanda 8. dag júlímánaðar. Er talið að gjöfin nemi 1580 ríkisdöllum, og var það jarðagóss. Um miðja 19. öld átti sjóðurinn þessar 7 jarðir:

	Dýrleiki
1. Kristnes	34,4 hdr.
2. Hvammur	33,8 —
3. Sýlistaðir }	26,8 —
4. Sýlistaðakot }	
5. Laugaland }	32,6 —
6. Heiðarhús }	
7. Miðland	7,4 —

Gefandi mælir svo fyrir, að aldrei megi skerða höfuðstól sjóðsins, en um ársvextina segir hann: »skal einasta Eyjafjarðarsýsla njóta góðs þar af í almennum neyðartilfellum, á þann hátt, að ársrentum höfuðstólsins, eða ársafgjaldi jarðanna skal þá verja til að koma fátækustu eða nauðstöddustu hreppum eða sveitum sýslunnar til hjálpar með innkaupi matvöru í stórum almennum harðindum (hallæri), þegar liggur við manndauða; en í góðum árum, og á meðan engin almenn neyð ber til, skulu renturnar uppleggjast til viðurauka við höfuðstólinn«.

Í gjafarbrjefinu er svo fyrir mælt, að amtmaður og hjeradsprófastur skuli stjórná sjóðnum. Þegar amtmannsembættin voru lögð niður, kom sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu þar í amtmanns stað.

Sjóðurinn hefir aukist mjög og ávaxtast, og voru eignir hans 31. des. 1911 sem hjer segir:

Fasteignir	12490,00	kr.
Veðskuldabryf... ..	38660,00	—
Bankavaxtabryf	2800,00	—
Í sparisjóði	116,12	—
Í sjóði	521,64	—
Samtals	54587,76	kr.

Hjer má geta þess, að í þá tíð, er formaður nefndarinnar var amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu, keypti hann tvær jarðir í viðbót fyrir sjóðinn, Neðri-Vindheima og Efri-Vindheima; eru þær jarðir 36,3 hdr. að dýrleika. Áður hafði verið keypt $\frac{1}{2}$ Gloppa, 5,75 hdr. Sjóðurinn á því nú 10 jarðeignir, og eru þær í reikningum sjóðsins gerðar 12490 kr. virði. En 1911 fjekst eftir jarðirnar í landskuldum, leigum og lóðargjöldum 900 kr. 78 aur., og er það 4% af 22500 kr. Eignir sjóðsins eru því miklum mun meiri í raun og veru, en uppi er látið í reikningum hans.

Vjer höfum nú íhugað vandlega, hvort frumvarp það, sem hjer um ræðir, fari í bága við vilja gefandans. Það er ljóst, að hann hefir ætlast til, að ársvöxtum af sjóðnum yrði varið til þess, að kaupa matvöru handa nauðstöddum sveitum sýslunnar »í stórum almennum harðindum (hallæri)«. Er auðsætt, að hann gerir ráð fyrir, að matvaran sje ávalt fánleg, ef andvirðið sje til; og það mun líka oftast hafa verið svo, um 1830; þá voru verslanir yfirleitt vel birgar af kornmat á vetrum. Nú er alt öðru vísi ástatt; skip ganga á miðjum vetri, og mánaðarlega úr því; þess vegna eru haustbirgðir kaupmanna miklu minni en áður gerðist, og þess vegna getur það komið fyrir, að kornvara gangi fljótlega til þurðar, ef hafis bannar skipagöngur marga mánuði síðla vetrar og framan af vori. Það virðist því vera í fullu samræmi við vilja gefandans, að einhverju af ársvöxtum sjóðsins sje nú varið til kornforðatryggingar, til að koma í veg fyrir bjargarskort í harðæri. Sjóðurinn getur því að eins komið að tilætludum notum, að matvara sje til, þegar þær sveitir verða nauðstaddir af bjargarskorti, sem sjóðsins eiga að njóta. Það virðist einnig vera í fullu samræmi við gjafarbrjefið, að sýslunefnd og bæjarstjórn ráði notkun fjárins að einhverju eða öllu leyti, því að gefandinn segir ótvírætt, að hjálpin eigi að veitast nauðstöddum hreppum eða sveitum, en sýslunefndir og bæjarstjórnir ráða nú yfir sveitarmálum.

Af þessum ástæðum leggjum vjer til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá háttvirtri neðri deild.

En jafnframt viljum vjer vekja athygli á því, að sú meðferð, sem þessi sjóður hefir sætt, er að sumu leyti athugaverð, eða að minsta kosti eftirtektarverð. —

Í gjafarbrjefinu segir um ársvexti af sjóðnum (afgjaldið af jörðunum), að þeir skulu »árlega innsetjast í þann konunglega kassa á rentu, þangað til þeir svoleiðis innsettu peningar eru orðnir svo miklir, að þar fyrir megi fá passandi jörð keypta«.

Þessum fyrirmælum gjafarbrjefsins hefir ekki verið fylgt. Síðan Júlíus Havsteen amtmaður keypti þær tvær jarðir handa sjóðnum, sem fyr voru nefndar, hafa engar jarðir verið keyptar, og sjóðurinn á nú yfir 40 þúsund kr. á vöxtum, mest í útlánnum gegn fasteignarveði, að því er vjer best vitum, en sumt þó í bankavaxtabrjefum.

Þetta viljum vjer þó ekki telja vítavert; það mun hafa verið svo um 1830, að peningar, sem settir voru í jarðir, gáfu meiri arð en það fje, sem sett var á vöxtu í »þann konunglega kassa«, og af því stafa vafalaust ummæli gefandans um jarðakaup, enda hefir honum að sjálfsögðu verið í ljósu minni peningahrúnið mikla í upphafi 19. aldarinnar.

Nú er öðru máli að gegna; jarðir hafa hækkað í verði og verða mjög víða ekki leigðar svo hátt, að leigan nemi viðunandi vöxtum af kaupverði.

Oss virðist því fyllilega rjettmætt og alls ekki í bága við markmið gefandans, að hætt hefir verið við jarðakaup og fje sjóðsins komið á vöxtu.

Hins vegar teljum vjer miður vel fara á því, að reikningar sjóðsins eru orðnir miklu ógleggri, en þeir voru á fyrri árum í tíð amtmannanna. Þá var lengst af gerð glögg grein fyrir tekjunum af hverri jarðeign sjóðsins og nefnd öll lán úr sjóðnum, hvenær þau voru veitt og með hvaða kjörum. Nú verður ekkert af þessu sjeð í reikningunum. Í síðasta reikningi (1911) er t. d. sagt, að sjóðurinn eigi í »veðskuldabryefum« 38600 kr., en ekki tilgreint hvers konar veðskuldabryef það eru (húsveð? jarðarveð? handveð?).

Þó er það lakast, að vorum dómi, að mikið styrktarfje hefir verið veitt úr sjóðnum síðan 1904, en aldrei tilgreint í reikningunum til hvers það er veitt.

Vjer höfum aðgætt alla ársreikningana, frá 1872 til 1911, og orðið þess visari er nú skal greina:

Á árunum 1872 til 1881 er alls enginn styrkur veittur.

1882:	»Keypt til útbýtingar vorið 1882 16 þokar af maís, hver á 250 pd., á 24 kr.	384 kr.
	»Keypt til útbýtingar veturinn 1882—83 50 tunnur af rúgi = 10,000 pd., á 10 aura«	1000 —
	»Styrkur handa Grímseyingum til að leigja skip til vöruflutninga út í eyna haustið 1882«	50 —
	Samtals	1434 kr.
1883:	»Fyrir 1½ kúggildi á Gloppu í stað þess, sem féll«	126 kr.
	»Styrkur til Akureyrarkaupstaðar«	100 —
	»Kostnaður við útbýting«	4 —
	Samtals	230 kr.
1884:	»Styrkur veittur Grímseyingum«	100 kr.
1885:	Er enginn styrkur veittur.	
1886:	»Styrkur veittur Þóroddstaðahreppi«	90 kr.
	Flyt	420 kr.

		Fluttar	420 kr.
1887:	»Keypt 7400 pd. af korni til úthýtingar og sild fyrir«	611 kr.
1888:	»Styrkur til ýmsra vorið 1888:		
	a) Kornmatur fyrir...	231,50
	b) Peningar«	70,00
		Samtals	301,50
1889:	»Styrkur til Þóroddstaðahrepps vorið 1889 fyrir 1600 pd. af rúgi«	120 kr.

Þá batnaði aftur í ári, eins og kunnugt er, og var nú *enginn styrkur veittur úr sjóðnum í 14 ár, frá 1890 til 1903, að báðum þeim árum meðtöldum. En svo tekur annað við:*

1904:	Eru veittar	950 kr.
	og sjest ekki í reikningnum til hvers sá styrkur hefir farið.		
1905	} Þá er veittur 25 kr. styrkur á hverju ári, en ekki sagt til hvers.		
1906			
1907			
1908			
1909:	»Styrkur veittur á árinu«	350 kr.
1910:	»Styrkur veittur á árinu«	1400 kr.
1911:	»Styrkur veittur á árinu«	350 kr.

Oss er nú ekki kunnugt, að gengið hafi »stór almenn harðindi« síðan 1904, og virðist því vafa bundið, hvort allar þessar miklu styrkveitingar eru í nokkru samræmi við skýlaus fyrirmæli gjafabrjefsins og augljósan tilgang gefandans.

Vjer álitum, að frumvarp það, sem oss hefir verið falið til ihugunar, veiti tryggingu fyrir því, að sjóðurinn geti jafnan komið að þeim notum, sem gefandinn ætlaðist til.

Þess vegna mælum vjer með því, að frumvarpið verði samþykkt.

En jafnframt leyfir nefndin sjer, að vekja athygli stjórnarinnar á því, að nauðsynlegt muni vera, að hafa fulla gát á þessum sjóði, að ársreikningar hans sjeu nægilega ljósir og vel farið með styrkveitingar.

Efri deild Alþingis 21. ágúst 1913.

J. Havsteen,
formaður.

G. Björnsson,
skrifari og framsögum.

Guðjón Guðlaugsson.